

Dýraverndarasambandið

Sæl Helga

Dýraverndarasambandið styður viðleitni félagsins Villikatta til að bæta líf útgangskatta. Enda þótt ekki sé fundið heimili fyrir dýrin, er líf þeirra bætt með skjólum, læknishjálpi og matargjöfum og stigu stemmt við of fjölgun þeirra með geldingu. Hér er um ljóslega betri kost að ræða en að gera ekki neitt, bæði út frá dýravelferð og stjórn á aðstæðum. Jafnframt er um betri kost að ræða en að veiða eingöngu og aflífa þessa ketti, en sífellt bætast nýir í skarðið við það og lífsskilyrði kattanna haldast jafnframt ömurleg áfram. Ætla má að almennt verði fólk meðvittraðara um ábyrgt kattahald í kjölfar svona starfs. Ótalið er gagn þessa katta við að halda niðri músum og rottum og jafnvel að halda mink í burtu, en vera má að þetta sé vanmetið í dag.

Hér er formleg umsögn DÍS um starfsemi Villikatta:

Það er mat stjórnar Dýraverndarsambands Íslands að ávalt sé best fyrir kött sem áður hefur verið heimilisdýr, að finna heimili fyrir hann aftur. Jafnframt vitum við að það er ekki hægt að finna heimili fyrir alla ketti sem veglausir eru og teljum við að öll hjálp sem hægt er að veita útigangsköttum sé af hinu góða.

Samkvæmt lögum Dýraverndarsambandsins hvetur félagið skóla, félagasamtök og einstaklinga til að efla velferð dýra og vill félagið styðja þá sem leggja lóð á vogarskálar til aukinnar velferðar dýra. Starfsemi Villikatta eykur velferð veglausra katta, þar sem félagið annast þá á þeim stað þar sem þeir eru, hugar að heilsu þeirra og vinnur gegn offjölgun þeirra.

*Virðingarfyllst,
Stjórn DÍS*

Ef ykkur vantar frekari upplýsingar, hikið ekki við að hafa samband,

Bestu kveðjur,
Hallgerður Hauksdóttir
formaður DÍS
s 899 8827